

143. löggjafarþing 2013–2014.  
Þingskjal 175 — 125. mál.

## Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Vigdísí Hauksdóttur  
um gjalddöku fyrir heilbrigðisþjónustu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hefur verið skoðað að innheimta hærrí gjöld fyrir heilbrigðisþjónustu af þeim sem eru búsettir utan Evrópska efnahagssvæðisins?*

Þeir sem eru búsettir utan Evrópska efnahagssvæðisins og njóta heilbrigðisþjónustu hér á landi greiða fullt gjald fyrir þjónustuna, sbr. reglugerð nr. 1101/2012, um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um sjúkratryggingar og greiðslur þeirra fyrir heilbrigðisþjónustuna. Reglugerð þessi er endurskoðuð árlega og gjöldum breytt með hliðsjón af verðlagsbreytingum. Þeir sem eru búsettir utan Evrópska efnahagssvæðisins greiða því nú þegar hærrí gjöld en þeir sem búa innan svæðisins.